



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 43/2018

Fullyrðingar Artasan ehf. um virkni varanna Rosalique, Effitan og Brizo

I.

Erindið

1.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 26. júlí 2018, fór stofnunin fram á skýringar Artasan ehf. vegna fullyrðinga um virkni þriggja vara í auglýsingum fyrirtækisins en stofnuninni höfðu borist ábendingar vegna auglýsinganna.

Í bréfinu benti Neytendastofa á að í fyrsta lagi væri um að ræða ábendingu um kremið Rosalique en fullyrt væri í auglýsingum að kremið virki vel á rósroða og dragi úr einkennum hans ásamt því að vitnað væri í klínískar rannsóknir. Í öðru lagi hefði borist ábending vegna auglýsinga Artasan á flugnafælunni Effitan og á það bent að tiltekið væri sérstaklega í auglýsingunni að varan væri náttúruvæn og innihéldi ekki efnið DEET, sem væri eitrefni. Í þriðja lagi væri um að ræða ábendingu vegna auglýsinga fyrirtækisins á fæðubótarefninu Brizo og fullyrðinga um að varan stuðli að eðlilegri starfsemi blöðruhálskirtils.

Í bréfinu var athygli vakin á ákvæðum 5. gr., 1. mgr. 8. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Þá var á það bent að samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laganna skuli fyrirtæki geta sannað fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti. Geti fyrirtæki ekki sannað fullyrðingar sínar geti þær verið til þess fallnar að vera villandi fyrir neytendur og feli þar með í sér óréttmæta viðskiptahætti.

Með vísan til framangreinds fór Neytendastofa fram á að Artasan færði sönnur á eftirfarandi fullyrðingar:

1. Rosalique

„Hylur rósroðabletti og dregur úr einkennum. Rosalique-andlitskremið er ein öruggasta og árangursríkasta leiðin til að vinna gegn roða í húð á náttúrulegan hátt“.

„Rosalique kraftaverkið. Komið er á markað andlitskrem sem virkar afar vel á rósroða. Klínískar rannsóknir liggja að baki framleiðslu þessa krems“.

„Dagleg notkun dregur úr einkennum“.



2. Effitan flugnafæluúði

„Effitan flugnafæluúði er náttúrulegur og með mikla virkni. Hann virkar vel á moskítóflugur, mý, flugur, flær og skógarmítla í allt að 8 klukkutíma og það má nota hann á börn frá 3 mánaða aldri. Náttúruleg innihaldsefni sem virka. Effitan inniheldur ekki eitrefnið DEET sem er í mörgum flugnafælum og skordýraeitri en það er talið geta haft skaðleg áhrif á heilsu fólks. Virku innihaldsefnin í Effitan eru m.a. kókosolía, Eucalyptus Citriodora (sítrónu júkalyptus) og citronella sem er ilmkjarnaolía og vel þekkt flugnafæla í kremum, úðum og kertum. Virkni Effitan er klínískt rannsökuð, bæði hjá Swiss Tropical Institute í Basel og Dr. Dautel Institut í Berlín“.

3. Brizo

„Helsingur karlmanna yfir 50 ára aldri glímir við vandkvæði tengd þvaglátum.[...]Það sem orsakar vandann eru breytingar í blöðruhálskirtli sem eiga sér stað með aldrinum. Brizo stuðlar að eðlilegri starfsemi blöðruhálskirtilsins og hefur reynst körlum sem glíma við vanda tengdan bununni afskaplega vel.“

Þá var Artasan jafnframt gefinn kostur á að koma með frekari skýringar eða athugasemdir vegna bréfs Neytendastofu.

2.

Svar Artasan barst með bréfi, dags. 10. september 2018. Í bréfinu kemur fram að breyta þurfi fullyrðingum í auglýsingum á vörunni Rosalique, þar sem ekki séu til klínískar rannsóknir sem sýni fram á lækningamátt vörunnar. Rosalique kremið dragi eingöngu úr sýnilegum einkennum á meðan á notkun stendur. Hvað varði fullyrðingar um Effitan flugnafæluúða þá innihaldi Effitan náttúrulegar ilmkjarnaolíur og önnur efni úr jurtaríkinu sem séu ekki skaðleg mönnum, dýrum né náttúrunni og því sé talað um náttúruleg innihaldsefni. Þau séu „aqua, cocos cucifera (coconut oil), p-menthan-3,8-diol (natural insect repellent from eucalyptus citriodora), ricinus communis (castor oil), cetearyl alcohol, decyl glucoside, cetearyl glucoside, geraniol, citronellal, aloe vera, lauric acid, sodium tartrate, cymbopogon schoenanthus (camel grass), tartaric acid og potassium sorbate“.

Effitan innihaldi sannarlega ekki DEET og það sé sérstaklega tekið fram þar sem fjöldi fólks forðist efnið og noti ekki flugnafælar eða annað sem innihaldi þetta efni. Telji Artasan þetta sambærilegt öðrum vörumerkingum þar sem sérstaklega sé tekið fram hvað varan innihaldi ekki, s.s. sykur, glúten, ger, egg, mjólk og fleira. Hvað varði orðalagið „Effitan inniheldur ekki eitrefnið DEET“ þá muni fyrirtækið breyta öllu auglýsingaefni þess og taka út orðið „eitrefni“ þar sem ekki hafi verið sýnt fram á það með rannsóknum að það sé skaðlegt, sé það notað í þeim skammtastærðum sem lagt sé til. Varðandi vöruna Brizo hafi Artasan vísað til upplýsinga á ensku sem fylgdu erindinu, sem samkvæmt fyrirtækinu styðji þá fullyrðingu að varan stuðli að eðlilegri starfsemi blöðruhálskirtils. Önnur gögn séu ekki aðgengileg fyrirtækinu að svo stöddu en Neytendastofu sé bent á að hafa samband við fyrirtækið ef óskað sé eftir nánari skýringum.



3.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 21. september 2018, óskaði stofnunin eftir frekari skýringum af hálfu Artasan að því er varði vöruna Brizo og þá sérstaklega upplýsingar um hvaðan gögnin væru fengin en óljóst væri af gögnunum að ráða hvaðan þau kæmu.

Ekkert svar barst Neytendastofu.

Neytendastofa sendi Artasan ítrekunarbréf þann 9. október 2018 þar sem ósk stofnunarinnar um frekari skýringar var ítrekuð. Var fyrirtækið jafnframt upplýst um að búast mætti við að tekin yrði ákvörðun á grundvelli fyrirliggjandi gagna ef svar bærisk ekki innan tilgreinds tíma.

Þann 25. október 2018 barst Neytendastofu svarbréf frá Artasan en meðfylgjandi var að finna gögn sem samkvæmt fyrirtækinu styðji fullyrðingu þess efnis að varan stuðli að eðlilegri starfsemi blöðruhálskirtils.

Neytendastofa óskaði með tölvupósti, dags. 9. nóvember 2018, eftir frekari upplýsingum um hvaðan umrædd gögn væru fengin þar sem uppruni þeirra væri óljós. Var það ítrekað með tölvupósti, dags. 20. nóvember 2018.

Þann 28. nóvember 2018 barst Neytendastofu svarbréf frá Artasan með frekari gögnum vegna vörunnar Brizo, en um var að ræða erlenda skýrslu um klínískt mat á góðkynja stækkun á blöðruhálskirtli, erlenda fræðigreinin um tvíþætt hlutverk estrógens í blöðruhálskirtli ásamt fyrri gögnum framleiðanda um áhrif Brizo á þvagvandamál manna vegna góðkynja stækkunar á blöðruhálskirtli. Þá var einnig að finna powerpoint kynningu á rannsókn framleiðanda á verkunarkönnun um virkni vörunnar Brizo. Aðrar skýringar vegna fullyrðingarinnar eða athugasemdir var ekki að finna meðfylgjandi erindi Artasan.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta lýtur að fullyrðingum í auglýsingum fyrirtækisins Artasan. Um er að ræða fullyrðingar um kremið Rosalique, flugnafæluna Effitan og fæðubótarefnið Brizo. Hefur Neytendastofa farið fram á að fyrirtækið færi sönnur á fullyrðingarnar skv. 4. mgr. 6. gr., auk þess sem athygli Artasan hefur verið vakin á ákvæðum 5. gr., 1. mgr. 8. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Fram hefur komið í svörum fyrirtækisins Artasan að ekki væru til klínískar rannsóknir sem sýni fram á lækningamátt Rosalique kremsins og kremið dragi eingöngu úr sýnilegum einkennum á meðan á notkun þess standi. Því þyrfti að breyta fullyrðingum í auglýsingum á vörunni. Að



Því er varðar fullyrðingu um að Effitan flugnafæla innihaldi ekki eitrefnið DEET þá tiltók Artasan að Effitan innihéldi sannarlega ekki efnið DEET en fyrirtækið myndi fjarlægja orðið „*eitur*“ þar sem ekki hefði verið sýnt fram á það með rannsóknum að það væri skaðlegt ef það væri notað í þeim skammtastærðum sem lagt sé til. Varðandi fæðubótarefnið Brizo þá fylgdu svörum Artasan upplýsingar sem að mati fyrirtækisins styðja þá fullyrðingu að varan stuðli að eðlilegri starfsemi blöðruhálskirtils.

2.

Í lögum nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er, skv. ákvæðinu, nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 4. mgr. 6. gr. laganna segir að fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti þurfi fyrirtæki að geta fært sönnur á. Geti fyrirtæki ekki sannað fullyrðingar sínar geta þær verið til þess fallnar að vera villandi gagnvart neytendum og ósanngjarnar gagnvart keppinautum.

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Í bréfi Neytendastofu var vísað til b. liðar 1. mgr. 9. gr. þar sem segir að átt sé við rangar upplýsingar um :

„b. helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar“



Þá segir í 2. mgr. 9. gr. laganna:

„Viðskiptahættir eru villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja má að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti.“

Samkvæmt ákvæðinu teljast viðskiptahættir villandi ef fyrirtæki leynir upplýsingum sem skipta máli við ákvörðun um að eiga viðskipti eða þær eru veittar á óljósan eða margræðan hátt. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að hafa megi þau atriði til hliðsjónar sem tilgreind eru í 1. mgr.

3.

Í upphafi verður fjallað um eftirfarandi fullyrðingar Artasan um vöruna Rosalique í auglýsingum félagsins:

„Hylur rósroðabletti og dregur úr einkennum. Rosalique-andlitskremið er ein öruggasta og árangursríkasta leiðin til að vinna gegn roða í húð á náttúrulegan hátt“.

„Rosalique kraftaverkið. Komið er á markað andlitskrem sem virkar afar vel á rósroða. Klínískar rannsóknir liggja að baki framleiðslu þessa krems“.

„Dagleg notkun dregur úr einkennum“.

Artasan hefur við meðferð málsins ekki lagt fram nein gögn til að færa sönnur á umræddar fullyrðingar og hefur auk þess viðurkennt að það séu ekki klínískar rannsóknir sem sýna fram á lækningarmátt vörunnar. Ofangreindar fullyrðingar eru því ósannaðar, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005. Að því virtu telur Neytendastofa að ofangreindar fullyrðingar veiti rangar upplýsingar um helstu einkenni vörunnar. Þá telur Neytendastofa að upplýsingarnar séu líklegar til að valda því að hinn almenni neytandi sem auglýsingarnar beinast að, taki viðskiptaákvörðun sem hann myndi ekki annars hafa tekið. Þá eru fullyrðingarnar líklegar til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Artasan hefur því brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 8. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 með birtingu þeirra í markaðssetningu félagsins.

Næst verður fjallað um eftirfarandi fullyrðingar Artasan um vöruna Effitan í auglýsingum félagsins:

„Effitan flugnafæluíði er náttúrulegur og með mikla virkni. Hann virkar vel á moskítóflugur, mý, flugur, flær og skógarmítla í allt að 8 klukkutíma og það má nota hann á börn frá 3 mánaða aldri. Náttúruleg innihaldsefni sem virka. Effitan inniheldur ekki eiturefnið DEET sem er í mörgum flugnafælum og skordýraeitri en það er talið geta haft skaðleg áhrif á heilsu fólks. Virku innihaldsefnin í Effitan eru m.a. kókosolía, Eucalyptus Citriodora (sítrónu júkalyptus) og citronella sem er ilmkjarnaolía og vel þekkt flugnafæla í



kremum, úðum og kertum. Virkni Effitan er klínískt rannsökuð, bæði hjá Swiss Tropical Institute í Basel og Dr. Dautel Institut í Berlín“.

Artasan hefur við meðferð málsins ekki lagt fram nein gögn til að færa sönnur á umræddar fullyrðingar og hefur auk þess viðurkennt að ekki sé til staðar sönnun fyrir því að efnið sé skaðlegt, sé það notað í tilgreindum skammtastærðum. Ofangreindar fullyrðingar eru því ósannaðar, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005. Að því virtu telur Neytendastofa að ofangreindar fullyrðingar veiti rangar upplýsingar um helstu einkenni vörunnar. Þá telur Neytendastofa að upplýsingarnar séu líklegar til að valda því að hinn almenni neytandi sem auglýsingarnar beinast að, taki viðskiptaákvörðun sem hann myndi ekki annars hafa tekið. Þá eru fullyrðingarnar líklegar til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Artasan hefur því brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 8. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 með birtingu þeirra í markaðssetningu félagsins.

Að lokum verður fjallað um eftirfarandi fullyrðingar Artasan um vöruna Brizo í auglýsingum félagsins:

„Helsingur karlmanna yfir 50 ára aldri glímir við vandkvæði tengd þvaglátum.[...]Það sem orsakar vandann eru breytingar í blöðruhálskirtli sem eiga sér stað með aldrinum. Brizo stuðlar að eðlilegri starfsemi blöðruhálskirtilsins og hefur reynst körlum sem glíma við vanda tengdan bununni afskaplega vel.“

Ofangreindar fullyrðingar eru afdráttarlausar að því er varðar virkni vörunnar og þann árangur sem neytendur mega vænta með notkun hennar. Í svörum Artasan og þeim gögnum sem fylgdu með er ekki að finna fullnægjandi sönnun fyrir þessum afdráttarlausu fullyrðingum. Ofangreindar fullyrðingar eru því ósannaðar, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005. Að því virtu telur Neytendastofa að ofangreindar fullyrðingar veiti rangar upplýsingar um helstu einkenni vörunnar. Þá telur Neytendastofa að upplýsingarnar séu líklegar til að valda því að hinn almenni neytandi sem auglýsingarnar beinast að, taki viðskiptaákvörðun sem hann myndi ekki annars hafa tekið. Þá eru fullyrðingarnar líklegar til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Artasan hefur því brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 8. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 með birtingu þeirra í markaðssetningu félagsins.

Neytendastofa telur rétt með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 að banna Artasan ehf. að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti og beinir þeim fyrirmælum til fyrirtækisins að fjarlægja þær auglýsingar sem innihalda ofangreindar fullyrðingar af þeim samfélagsmiðlum þar sem fullyrðingunum hefur verið komið á framfæri.



III.

Ákvörðunarorð:

„Artasan ehf., Suðurhrauni 12A, hefur með birtingu fullyrðinganna „*Hylur rósroðabletti og dregur úr einkennum. Rosalique-andlitskremið er ein öruggasta og árangursríkasta leiðin til að vinna gegn roða í húð á náttúrulegan hátt*“, „*Rosalique kraftaverkið. Komið er á markað andlitskrem sem virkar afar vel á rósroða. Klínískar rannsóknir liggja að baki framleiðslu þessa kreams*“, „*Dagleg notkun dregur úr einkennum*“ brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 8. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Artasan ehf. hefur með birtingu fullyrðinganna „*Effitan inniheldur ekki eitrefnið DEET sem er í mörgum flugnafælum og skordýraeitri en það er talið geta haft skaðleg áhrif á heilsu fólks. Virkni Effitan er klínískt rannsökuð, bæði hjá Swiss Tropical Institute í Basel og Dr. Dautel Institut í Berlín*“ brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 8. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Artasan ehf. hefur með birtingu fullyrðinganna „*Helmingur karlmannna yfir 50 ára aldri glímir við vandkvæði tengd þvaglátum. [...] Það sem orsakar vandann eru breytingar í blöðruhálskirtli sem eiga sér stað með aldrinum. Brizo stuðlar að eðlilegri starfsemi blöðruhálskirtilsins og hefur reynst körlum sem glíma við vanda tengdan bununni afskaplega vel*“ brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 8. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, bannar Neytendastofa Artasan ehf. að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi frá dagsetningu ákvörðunar þessarar. Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, beinir Neytendastofa þeim fyrirmælum til Artasan ehf. að fjarlægja auglýsingar sem innihalda fullyrðingarnar af samfélagsmiðlum þar sem fullyrðingunum hefur verið komið á framfæri innan tveggja vikna frá dagsetningu ákvörðunar þessar. Verði ekki farið eftir fyrirmælunum má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.“

Neytendastofa, 21. desember 2018

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir